

4. Gangbrautarljós verða tekin í notkun við Hamrahlíð við Hlíðaskóla og á Sundlaugavegi vestan Laugalækjar.

Framangreindar reglur taka gildi 3. október 1973.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 1. október 1973.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

## AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Gildistími bráðabirgðaákvæða um umferð í miðborginni samkvæmt auglýsingu, dags. 9. ágúst 1973, hefur verið framlengdur fyrst um sinn, þar til annað verður ákveðið.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 15. október 1973.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

## REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald lyfjabúða fyrir árið 1973.

### 1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum ber að greiða fyrir árið 1973, vegna lyfjaeftirlits samkvæmt 47. gr. lyfsöluhlaga nr. 30 29. apríl 1963 skal vera sem hér segir:

|              |           |
|--------------|-----------|
| I. flokkur   | 20 000.00 |
| II. flokkur  | 16 000.00 |
| III. flokkur | 12 000.00 |
| IV. flokkur  | 8 000.00  |
| V. flokkur   | 4 000.00  |

### 2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins sem hér segir:

- I. flokkur: Lyfjabúðin Iðunn,  
Reykjavíkur apótek.
- II. flokkur: Apótek Austurbæjar,  
Apótek Keflavíkur,  
Laugavegs apótek.
- III. flokkur: Akureyrar apótek,  
Hafnarfjarðar apótek,  
Holts apótek,  
Ingólfs apótek.

Stjórnun apótek,  
Vesturbæjar apótek.

IV. flokkur: Akranes apótek,  
Borgar apótek,  
Garðs apótek,  
Háaleitis apótek,  
Ísafjarðar apótek,  
Kópavogs apótek,  
Laugarnes apótek,  
Lyfjabúð Breiðholts,  
Selfoss apótek.

V. flokkur: Apótek Austurlands, Seyðisfirði,  
Apótek Neskaupstaðar,  
Árbæjar apótek,  
Borgarnes apótek,  
Dalvíkur apótek,  
Húsavíkur apótek,  
Patreks apótek,  
Sauðárkróks apótek,  
Siglufjarðar apótek,  
Stykkishólms apótek.

### 3. gr.

Eftirlitsgjaldið skal greiða til ríkisféhirðis fyrir 15. desember 1973.  
Gjaldið er lögtakskræft.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29.  
apríl 1963, öðlast gildi þegar í stað.

*Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 16. október 1973.*

**Magnús Kjartansson.**

*Páll Sigurðsson.*

## REGLUR

### um viðbótarritlaun.

#### 1. gr.

Reglur þessar fjalla um úthlutun 12 millj. kr. fjárveitingar samkvæmt fjárlögum  
fyrir árið 1973 til íslenskra rithöfunda og höfunda fræðiritra.

#### 2. gr.

Úthlutun miðast við ritverk útgefið eða flutt opinberlega á árinu 1972, en ritverk  
frá árunum 1971 og 1970 kemur einnig til álita.  
Auglýst skal eftir upplýsingum frá höfundum um verk þeirra á þessu tímabili.

#### 3. gr.

Veiting til hvers höfundar nemi 250 þús. kr., en verði úthlutunarnefnd sammála  
um það, getur hún þó ákveðið fjárhæð þessa nokkru hærri eða lægri.